# Klappir Grænar Lausnir hf.

## Árshlutareikningur samstæðu
## 30. júní 2020

Klappir Grænar Lausnir hf.
Austurstræti 17
101 Reykjavík

Kt. 630914-1080

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra | 3 |
| Könnunaráritun óháðs endurskoðenda | 5 |
| Lykiltölur | 7 |
| Rekstrarreikningur | 8 |
| Efnahagsreikningur | 9 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 10 |
| Skýringar | 11 |

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Félagið var stofnað í september 2014 og er tilgangur félagsins þróun og hönnun á hugbúnaði og stjórnbúnaði, þjónusta, ráðgjöf og nauðsynleg starfsemi þessu tengd. Ennfremur rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.

Árshlutareikningur Klappa Grænna Lausna hf. fyrir tímabilið 1. janúar 2020 til 30. júní 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og þriggja dótturfélags þess. Gerð er grein fyrir afkomu og eignarhlutum í dótturfélögum í skýringum árshlutareikningsins.

Rekstartekjur samstæðunnar samkvæmt rekstrarreikningi námu 169,5 millj. kr. Tap varð á rekstri samstæðunnar á tímabilinu að fjárhæð 18,1 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 447,1 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 339,4 millj. kr. og er eigið fé sem hlutfall af heildareignum 75,9%.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir hefur veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim. Veruleg óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif faraldursins, svo sem. vegna óvissu um hve lengi hann muni vara og hver áhrifin muni verða eftir að honum lýkur. Gera má ráð fyrir að áhrif á rekstur félagsins verði einhver að minnsta kosti til skamms tíma. Almennt má gera ráð fyrir að sala dragist saman, innheimta viðskiptakrafna verði þyngri og mögulega munu einhverjir viðskiptavinir lenda í fjárhagserfiðleikum.

Það er mat stjórnenda félagsins að ekki sé unnt á þessum tímapunkti að leggja endanlega mat á áhrif á félagið í ljósi framangreindrar óvissu að mati stjórnenda er þó ekki óvissa um áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins.

Hlutafé félagsins nam 134,0 millj kr. í lok júní 2020. Hlutafé félagsins skiptist í tvo flokka, A og B flokk, sjá nánar skýringu 19. Í lok júní voru hluthafar félagsins 307 talsins og fækkaði þeim um 1 frá ársbyrjun 2020. Tíu stærstu hluthafarnir voru eftirfarandi í lok júní:

| | A hlutir | B hlutir | Atkvæðaréttur |
|---|---|---|---|
| Kvistar eignarhaldsfélag ehf. | 48.275.375 | 18.773.950 | 96,55% |
| Sindrandi ehf. | 0 | 12.298.400 | 0,00% |
| E-ASK ehf. | 0 | 10.010.000 | 0,00% |
| GEVA ehf. | 0 | 9.000.000 | 0,00% |
| Pund ehf. | 0 | 5.000.000 | 0,00% |
| Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins | 0 | 3.619.579 | 0,00% |
| Eyktarsalir ehf. | 200.000 | 2.845.350 | 0,40% |
| Kjalvegur ehf. | 0 | 3.000.000 | 0,00% |
| Stey ehf. | 0 | 3.000.000 | 0,00% |
| Svana Helen Björnsdóttir | 0 | 2.389.947 | 0,00% |
| Aðrir hluthafar (297) | 1.524.625 | 14.089.435 | 3,05% |
| | 50.000.000 | 84.026.661 | 100,00% |

**Stjórnarhættir**

Stjórn Klappa Grænna Lausna hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum og að fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja" gefnar út af Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint sem og verksvið gagnvart forstjóra. Í reglunum má einnig finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Hlutfall kynja í stjórn félagsins eru þrjár konur (60%) og tveir karlar (40%).

**Samfélagsleg ábyrgð**

Stjórn vísar á frekari umfjöllun um Samfélags ábyrgð (e. Sustainability Report) og samfélagsuppgjör (e. Sustainability Statement) á heimasíðu félagins www.klappir.is.

## Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra, frh.:

**Yfirlýsing stjórnar og forstjóra**
Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 30. júní 2020 og rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2020.

Stjórn og forstjóri Klappa Grænna Lausna hf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. ágúst 2020.

Í stjórn félagsins:

Forstjóri:

# Könnunaráritun óháðs endurskoðenda

Stjórn og hluthafar Klappa Grænna Lausna hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning samstæðu Klappa Grænna Lausna hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2020, sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar.

Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

**Umfang könnunar**

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

**Ályktun**

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi árshlutareikningur samstæðunnar sé í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 „Árshlutareikningar".

Reykjavík, 25. ágúst 2020.

***KPMG ehf.***

# Lykiltölur

| | 2020<br>1.1.-30.6. | 2019<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| **Rekstrarreikningur** | | |
| Rekstartekjur | 169.496.353 | 171.480.231 |
| Hagnaður fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (EBITDA) | 17.341.865 | 7.937.295 |
| Tap ársins | ( 18.107.862) | ( 32.674.261) |
| | | |
| Tap í hlutfalli af rekstartekjum | ( 10,7% ) | ( 19,1% ) |
| Arðsemi eigin fjár | ( 5,2% ) | ( 9,0% ) |
| EBITDA - hlutfall | 10,2% | 4,6% |
| Arðsemi heildareigna | ( 3,9% ) | ( 6,9% ) |

| | 30.6.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|
| **Efnahagsreikningur** | | |
| Heildareignir | 447.120.487 | 490.576.373 |
| Eigið fé hluthafa móðurfélags | 339.391.117 | 357.498.979 |
| Skuldir samtals | 107.729.370 | 133.077.394 |
| Eigið fé og skuldir samtals | 447.120.487 | 490.576.373 |
| | | |
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir | 4,1 | 2,8 |
| Eiginfjárhlutafall - eigið fé / heildarfjármagn | 75,9% | 72,9% |
| Innra virði hlutafjár - eigið fé / hlutafé | 2,5 | 2,7 |

# Rekstrarreikningur tímabilsins 1. janúar til 30. júní 2020

| | Skýr. | 2020 1.1.-30.6. | 2019 1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Sala | | 130.882.315 | 110.458.617 |
| Aðrar tekjur | 11 | 38.614.038 | 61.021.614 |
| | | 169.496.353 | 171.480.231 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 12 | 110.319.499 | 90.701.497 |
| Annar rekstarkostnaður | | 41.834.989 | 72.841.439 |
| | | 152.154.488 | 163.542.936 |
| Hagnaður fyrir afskriftir, fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og tekjuskatt (EBITDA) | | 17.341.865 | 7.937.295 |
| Afskriftir og niðurfærsla | 14, 15 | ( 35.531.500) | ( 36.795.395) |
| Rekstrartap | | ( 18.189.635) | ( 28.858.100) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur | | 101.518 | 373.443 |
| Vaxtagjöld | | ( 908.148) | ( 4.254.447) |
| Gengismunur | | 888.403 | 64.843 |
| | | 81.773 | ( 3.816.161) |
| **Tap tímabilsins** | 19 | ( 18.107.862) | ( 32.674.261) |
| **Tap skiptist þannig:** | | | |
| Hluthafar móðurfélags | | ( 18.107.862) | ( 30.456.770) |
| Minnihluti í dótturfélagi | | 0 | ( 2.217.491) |
| **Tap tímabilsins** | 19 | ( 18.107.862) | ( 32.674.261) |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2020

| | Skýr. | 30.6.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Óefnislegar eignir | 14 | 249.133.877 | 274.083.421 |
| Rekstarfjármunir | 15 | 3.070.000 | 3.650.000 |
| Skatteign | 16 | 21.320.520 | 21.320.520 |
| Fastafjármunir | | 273.524.397 | 299.053.941 |
| Vörubirgðir | | 1.534.066 | 0 |
| Viðskiptakröfur | | 32.417.325 | 59.227.993 |
| Aðrar skammtímakröfur | 17 | 115.561.086 | 69.968.410 |
| Handbært fé | | 24.083.613 | 62.326.029 |
| Veltufjármunir | | 173.596.090 | 191.522.432 |
| **Eignir samtals** | | 447.120.487 | 490.576.373 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 18 | 134.026.661 | 134.026.661 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 405.450.755 | 405.450.755 |
| Bundið eigið fé | | 80.538.683 | 101.921.114 |
| Ójafnað eigið fé | | ( 280.624.982) | ( 283.899.551) |
| Eigið fé samtals | 19 | 339.391.117 | 357.498.979 |
| **Skuldir** | | | |
| Langtímalán við tengda aðila | 20 | 65.000.000 | 65.000.000 |
| Langtímaskuldir | | 65.000.000 | 65.000.000 |
| Viðskiptaskuldir | | 7.543.311 | 27.517.701 |
| Skuldir við tengda aðila | | 0 | 1.859.661 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 35.186.059 | 38.700.032 |
| Skammtímaskuldir | | 42.729.370 | 68.077.394 |
| **Skuldir samtals** | | 107.729.370 | 133.077.394 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 447.120.487 | 490.576.373 |

# Sjóðstreymisyfirlit tímabilsins 1. janúar til 30. júní 2020

| | Skýr. | 2020 1.1.-30.6. | 2019 1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Tap tímabilsins | 19 | (18.107.862) | (32.674.261) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 14,15 | 35.531.500 | 36.795.395 |
| Veltufé (til) frá rekstri | | 17.423.638 | 4.121.134 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Vörubirgðir, hækkun | | (1.534.066) | 0 |
| Skammtímakröfur, hækkun | | (18.782.008) | (41.106.610) |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | | (23.452.362) | 13.176.209 |
| Breytingar rekstrart. eigna og skulda | | (43.768.436) | (27.930.401) |
| Handbært fé til rekstrar | | (26.344.798) | (23.809.267) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfestingar í óefnislegum eignum | 14 | (10.001.956) | (35.663.608) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | (10.001.956) | (35.663.608) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Innborgað hlutafé | | 0 | 135.000.000 |
| Afborgun langtímaláns | | 0 | 7.032.470 |
| Tengdir aðilar breyting | | (1.895.662) | (552.581) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | (1.895.662) | 141.479.889 |
| **(Lækkun) hækkun á handbæru fé á tímabilinu** | | (38.242.416) | 82.007.014 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 62.326.029 | 4.375.249 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | | 24.083.613 | 86.382.263 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

**1. Grundvöllur reikningsskila**

Árshlutareikningur Klappir Grænar Lausnir hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

**Mat og ákvarðanir**

Við gerð árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, svo og upplýsingar í skýringum. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

**2. Innlausn tekna**

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Leigutekjur af fastafjármunum eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum. Afslættir sem eru veittir eru færðir með sama hætti. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning á því tímabili sem þjónustan er veitt. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra. Tekjur af verkum í vinnslu eru færðar miðað við verkstöðu þeirra í árslok. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

**3. Erlendir gjaldmiðlar**

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsárs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

**4. Óefnislegar eignir**

Óefnislegar eignir eru færðar til eignar á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu. Viðskiptavild sem myndast annars vegar við kaup á eignarhlutum í dóttur- og hlutdeildarfélögum svarar til mismunar á upphaflegu kaupverði eignarhlutans og hlutdeild í hreinni eign félags á kaupdegi hins vegar og með kaupum á rekstri. Hrein eign innifelur bókfært eigið fé félags, ef við á endurmat bókfærðra eigna og skulda og virði eigna og skulda sem ekki eru bókfærðar í reikningsskilum félagsins. Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu. Viðskiptavild er færð niður á 10 árum. Aðrar óefnislegar eignir félagsins eru hugbúnaður sem er færður niður á 5 árum.

**5. Rekstrarfjármunir**

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna. Rekstarfjármunir eru færðir niður á 5 árum.

**6. Eignarhlutir í öðrum félögum**

Fjárfestingar samstæðunnar í hlutabréfum eru bókfærðar á markaðsverði þar sem það liggur fyrir annars kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði.

**7. Birgðir**

Birgðir samstæðunnar samanstanda af vörum til endursölu. Birgðir eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til gallaðra og úreltra vara.

**8. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur**

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru færðar niður um til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

**9. Handbært fé**

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

**10. Skatteign**

Skatteign er reiknuð og færð í árshlutareikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir eru að jafnaði færð fyrr í skattuppgjöri en reikningsskilunum.

Reiknuð skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún komi ekki til með að nýtast.

**11. Aðrar tekjur**

| Aðrar tekjur greinast þannig | 2020<br>1.1.-30.6. | 2019<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| Skattaívilnun Rannís | 38.544.550 | 45.000.000 |
| Mótteknir styrkir og aðrar tekjur | 69.488 | 16.021.614 |
| | 38.614.038 | 61.021.614 |

**12. Laun og launatengd gjöld**

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 95.798.291 | 88.765.231 |
| Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður | 29.908.833 | 22.199.074 |
| Samtals | 125.707.124 | 110.964.305 |
| Eignfærð laun | ( 15.387.625) | ( 20.262.808) |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 110.319.499 | 90.701.497 |
| | | |
| Meðalfjöldi ársverka | 18 | 18 |

**13. Tekjuskattur**

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

| **Virkt skatthlutfall** | | 2020<br>1.1.-30.6. | | 2019<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|---|
| Tap fyrir tekjuskatt | | ( 18.107.862) | | ( 32.674.261) |
| Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall | ( 20,0% ) | 3.621.572 | ( 20,0% ) | 6.534.852 |
| Óskattskyldar tekjur | 48,6% | ( 8.800.000) | 27,5% | ( 9.000.000) |
| Niðurfærsla skatteignar | ( 28,6% ) | 5.178.428 | ( 7,5% ) | 2.465.148 |
| Virkur tekjuskattur | ( 0,0% ) | 0 | 0,0% | 0 |

## 14. Óefnislegar eignir

| Óefnislegar eignir greinast þannig: | Viðskiptavild | Hugbúnaður | Samtals |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2020 | 187.313.002 | 220.513.319 | 407.826.321 |
| Viðbót á tímabilinu | 0 | 10.001.956 | 10.001.956 |
| Heildarverð 30.6.2020 | 187.313.002 | 230.515.275 | 417.828.277 |
| Niðurfært 1.1.2020 | 55.842.126 | 77.900.774 | 133.742.900 |
| Niðurfært á tímabilinu | 9.027.930 | 25.923.570 | 34.951.500 |
| Niðurfært 30.6.2020 | 64.870.056 | 103.824.344 | 168.694.400 |
| Bókfært verð 1.1.2020 | 131.470.876 | 142.612.545 | 274.083.421 |
| Bókfært verð 31.12.2020 | 122.442.946 | 126.690.931 | 249.133.877 |
| Niðurfærsluhlutfall | 10,0% | 20,0% | |

Síðustu árin hefur samstæðan unnið að þróun á hugbúnaðar og hefur stærsti hluti kostnaður vegna þróunarinnar, sem samanstendur af launakostnaði og öðrum rekstarkostnaði, verið gjaldfærður í rekstarreikningi. Til samræmis hafa styrkir verið tekjufærðir á meðal annarra tekna í rekstrarreikning.

## 15. Rekstrarfjármunir

| Rekstrarfjármunir greinast þannig: | Tölvubúnaður |
|---|---|
| Heildarverð 1.1.2020 | 5.146.859 |
| Heildarverð 30.6.202020 | 5.146.859 |
| Afskrifað samtals 1.1.2020 | 1.496.859 |
| Afskrifað á tímabilinu | 580.000 |
| Afskrifað samtals 31.12.2020 | 2.076.859 |
| Bókfært verð 31.12.2020 | 3.070.000 |
| Afskriftarhlutfall | 20,0% |

| Afskriftir greinast þannig: | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Niðurfærsla óefnislegra eigna sbr. skýringu 14 | 34.951.500 | 36.452.594 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna sbr. skýringu 15 | 580.000 | 342.801 |
| Afskriftir í rekstarreikningi | 35.531.500 | 36.795.395 |

## 16. Skatteign

Skatteign félagsins samkvæmt efnahagsreikningi greinist þannig:

| | 30.6.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|
| Skatteign 1.1.2020 | 21.320.520 | 21.320.520 |
| Skatteign 30.6.2020 | 21.320.520 | 21.320.520 |

Skatteign skiptist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Óefnislegar eignir | 8.701.736 | 5.128.289 |
| Aðrir liðir | 871.069 | 945.232 |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap | 113.695.926 | 119.626.812 |
| Skatteign samtals | 123.268.731 | 125.700.333 |
| Niðurfærsla vegna óvissu um nýtingu á yfirfæranlegu tapi | ( 101.948.211) | ( 104.379.813) |
| Skatteign samtals skv. efnahagsreikningi | 21.320.520 | 21.320.520 |

## 17. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannnig:

| | 30.6.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|
| Skattívilnun Rannís | 115.208.115 | 66.340.216 |
| Aðrar skammtímakröfur | 352.971 | 3.628.194 |
| Aðrar skammtímakröfur samtals | 115.561.086 | 69.968.410 |

Áætluð endurgreiðsla að fjárhæð 66,3 millj. kr. vegna skattívilnunar Rannís sem tilheyrir árinu 2019 verður greidd við álagningu félagins í oktober 2020 en áætluð skattaívilnun fyrstu 6 mánuði ársins 2020 verður greidd í október 2021.

## 18. Eigið fé

Hlutafé félagsins í lok júní er 134,0 millj. kr. að nafnverði.

Hlutir félagins skiptast í A og B hluti. Í A hlutaflokki eru útgefnir 50,0 millj. hlutir, hver hlutur í A flokki er að fjárhæð ein króna að nafnverði og eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutafjár. Í B hlutaflokki eru útgefnir 84,0 millj. hlutir, hlutir í B flokki hafa ekki atkvæðisrétt en að öðru leyti eru hafa flokkarnir sömu réttindi.

**19.** Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Bundið eigið fé | Ójafnað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2020 | 134.026.661 | 405.450.755 | 101.921.114 | ( 283.899.551) | 357.498.979 |
| Þróunarkostnaður | | | ( 31.384.387) | 31.384.387 | 0 |
| Tap tímabilsins | | | | ( 18.107.862) | ( 18.107.862) |
| Eigið fé 30.6.2020 | 134.026.661 | 405.450.755 | 70.536.727 | ( 270.623.026) | 339.391.117 |

Þann 27. júlí 2020 tilkynnti félagið um samþykki stjórnar um hækkun hlutafjár með útgáfu 4,1 millj. nýrra hluta í í B-flokki í samræmi við heimild sem aðalfundur félagins veitti stjórn þann 2. apríl 2020 sem kvað á um hækkun hlutafjár í B-flokki um allt að 50 milljónir. Auk þess stendur til að hækka hlutafé um 2,0 millj. kr. með skuldajöfnun á móti 31,6 millj. kr. kröfu Klappa ehf. á hendur félaginu.

Á hluthafafundi félagins þann 22. nóvember 2016, var samþykkt heimild til stjórnar um að hækka hlutafé félagsins vegna útgáfu kauprétta til starfsmanna félagsins. Samkvæmt samþykktinni var hækkunin að fjárhæð allt að 240.000 kr. og í B-flokki hlutabréfa. Með útgáfu jöfnunarhlutabréfa hækkaði þessi heimild í 6.000.000 kr. Á stjórnarfundi þann 23. nóvember 2016, var kaupréttaráætlun fyrir félagið samþykkt af stjórn félagsins.

Þann 2. desember 2016 var ríkisskattstjóra sent erindi með beiðni um staðfestingu á kaupréttaráætlun félagsins, í samræmi við 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Með bréfi ríkisskattstjóra, dags. 7. apríl 2017 var kaupréttaræétlun félagsins staðfest.

Félagið hefur í lok ársins gefið út kaupréttarsamninga til starfmanna að nafnverði 2.104.616 kr. Samkvæmt samningum þá ávinnst kauprétturinn í jöfnum hlutföllum á 4 árum. Samningur fellur úr gildi átta árum frá útgáfudegi. Um kaupréttaráætlun og kaupréttarsamninga félagsins gilda almennar reglur um slíka samninga sem fást viðurkenndir af Ríkisskattstjóra, meðal annars að samningar bjóðast öllum starfsmönnum og hámark innlausnar er 600.000 kr. á ári.

Samkvæmt lögum nr. 73/2016 um ársreikninga ber félögum að færa þá fjárhæð sem nemur eignfærðum þróunarkostnaði á bundinn reikning á meðal eigin fjár.

## 20. Tengdir aðilar

Stjórnarmenn, hluthafar, dótturfélög, félög í meirihlutaeigu hluthafa og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins. Langtímaskuldir og skammtímakröfur móðurfélagins við tengda aðila sundurliðast þannig í lok júní:

| | Kröfur | Skuldir |
|---|---|---|
| Klappir ehf. (tengdur aðili eins hluthafa) | 0 | 65.000.000 |

Áætlað er að skuldbreyta 31,6 millj. kr. í hlutafé að nafnvirði 2,0 millj. kr. á seinni hluta ársins 2020. Að öðru leiti kemur langtímalán félagins við tengdan aðila mun allt koma til greiðslu með einni afborgun á árinu 2021.

Á meðal vaxtagjalda eru gjaldfærðar 0,9 millj. kr. á árinu 2019 (2019: 2,8 millj.kr.) til tengdra aðila sömuleiðis nam gjaldfærð þjónusta til tengdra aðila á árinu 2020 aðila 2,0 millj. kr. (2019: 2,7 millj. kr.).

## 21. Önnur mál

### COVID-19

COVID-19-heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir mun hafa margháttuð áhrif. Veruleg óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif faraldursins, meðal annars um hve lengi hann muni vara og hver áhrifin muni verða eftir að honum lýkur. Búast má við því að áhrif á rekstur félagsins verði einhver vegna samdráttar í efnahagslífinu. Það er mat stjórnenda félagsins að ekki sé unnt á þessum tímapunkti að leggja mat á áhrif á félagið í ljósi framangreindrar óvissu sem og óvissu um hver endanleg viðbrögð stjórnvalda munu verða.

Félagið hefur brugðist við þessum aðstæðum meðal annars með því að draga úr kostnaði, nýtt þau úrræði stjórnvalda sem þegar hefur verið komið í framkvæmd og með því að gera áætlanir út frá mismunandi sviðsmyndum. Áætlanirnar miða að því að tryggja starfsemi félagsins til lengri tíma.

### Þróun á hugbúnaði

Á undanförunum árum hefur samstæðan unnið að þróun á hugbúnaði. Stærsti hluti verkefnisins, sem samanstendur að mestu leyti af launakostnaði, hefur verið gjaldfærður í rekstrareikningi. Samstæðan fékk á árinu 2019 staðfestingu frá Rannís þess efnis að þróunarverkefnið hafi verið samþykkt á grundvelli laga nr. 152/2009. Með staðfestingunni öðlaðist félagið rétt á sérstakri endurgreiðslu byggt á beinum kostnaði við verkefnið. Samstæðan mun sækja um endurgreiðsluna í tengslum við skattskil félagins vegna ársins 2019-2020. Áætluð endurgreiðsla kostnaðar vegna verkefnanna á árinu 2019 nam 66,3 millj. kr. og var 51,1 millj. kr. verið tekjufærð meðal annarra tekna í rekstarreikning, 5,2 millj. kr. verið færðar til lækkunar á eignfærðumhugbúnaði. Á árinu 2020 hefur 49,0 millj. kr. áætluð endurgreiðsla og er 44,0 millj. kr. tekjufærðar meðal annarra tekna og 5,0 millj. kr. verið færðar til ækkunar á fjárfestingum. Samtals hafa 115,2 millj.kr. verið færðar til eignar meðal annarra skammtímakrafna í efnahagsreikningi 30. júní 2020 vegna þessa.

## 22. Dótturfélög

| | Eignarhluti | Afkoma tímabilsins | Eigið fé |
|---|---|---|---|
| Datadrive ehf., Reykjavík | 100,0% | ( 6.539.046) | 1.071.311 |
| Heilsumat ehf., Reykjavík | 100,0% | ( 13.496.086) | ( 7.627.075) |
| Klappir International ltd., Bretland | 100,0% | ( 632.100) | ( 1.437.012) |